

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 91/2000

frá 27. október 2000

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptapjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2000 frá 2. ágúst 2000⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“)⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Nauðsynlegt er að aðlagða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB með tilliti til samningsins.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 5g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„5h. **32000 L 0031**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“) (Stjtið. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 250, 5.10.2000, bls. 50 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 44, 5.10.2000, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1.

Í aðstæðum sem um getur í g-lið 1. mgr. 5. gr. skal virðisaukaskattsnúmerið, að því er EFTA-ríkin varðar, vera númerið sem þjónustuaðila er úthlutað samkvæmt landslögum.“

2. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. október 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

G. S. Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes

E. Gerner

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.